Menning

Leikhús · Bókmenntir · Myndlist · Tónlist · Dans

Syngur á listahátíð Slóveníu – en fyrst heima

SÖNGUR: Skálholtskórinn hefur þegið boð um að syngja á listahátíð Slóveníu í byrjun ágústmánaðar. Í för með honum verður Sigrún Hjálmtýsdóttir sem syngur einsöng, hornleikur verður í höndum eiginmanns hennar, Þorkels Jóelssonar, og á trompet leika dætur þeirra tvær, Vigdís og Salóme, ásamt Jóhanni Stefánssyni. Stjórnandi Skálholtskórs er Hilmar Örn Agnarsson og organisti Kári Þormar. Áður en til þessa kemur, eða um næstu helgi, býður Skálholtsstaður til hátíðar í tilefni 40 ára afmælis kirkjunnar. Á tónleikum á laugardagskvöld, kl. 20.30, flytur Skálholtskórinn þar fjölbreytta tónlist af kirkjulegum toga. Má þar nefna verk eftir Händel, Fauré, Bach, Mendelssohn og fleiri stórmenni tónbókmentanna. Einsöngvari er Sigrún Hjálmtýsdóttir og undirleikarar þeir sömu og fara með til Slóveníu og getið er að ofan. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir velkomnir. Á sunnudaginn hefst hátíðarmessa í Skálholtsdómkirkju kl. 14 í tilefni kirkjuafmælisins. Þar syngur Skálholtskór m.a. tónlist sem flutt var við vígslu kirkjunnar 1963.

gun@dv.is



Myndir eða myndverk

MYNDLISTARGAGNRÝNI

Aðalsteinn Ingólfsson



MYND: Ragnar Axelsson – bóndi á suðurströnd Íslands 1996.

Ljósmyndin sem tæki til skoðunar og skráningar á mannlífi og tilfinningum hefur lengi átt erfitt uppdráttar hér á landi. Um áratuga skeið fór hún hallloka fyrir myndlistinni, síðan varð hún undir í þeirri bylgju náttúruljósmynda sem reið yfir landsmenn með stórstígum framförum í ljósmyndunartækni og litprentun. Á allra síðustu árum hefur íslensk mannlífsljósmyndun verið að rétta eilítið úr kútnum; til marks um það eru nokkrar sýningar sem haldnar hafa verið á verkum ungra ljósmyndara í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Til að fylla upp í þessa ófullkomnu mynd af ljósmynduninni í landinu, einkum og sérílagi út á við, hafa menn stundum brugðið á það ráð að innlima myndlistarverk, gerð með ljósmyndum, í íslenska ljósmyndasögu. Sjálfur hef ég staðið sjálfan mig að því að bregða upp myndum af ljósmyndaverkum Sigurðar Guðmundssonar á alþjóðlegu málþingi um nútímaljósmyndun til að sýna fram á fjölbreytni íslenskrar ljósmyndunar. Ég hef hins vegar gert það með því fororði að listamaðurinn sjálfur telji sig ekki til ljósmyndara og vilji ekki sýna verk sín á ljósmyndasýningum.

Ég veit ekki hvort um er að kenna einhvers konar póstmóderníska ruglingi eða tískuhugmyndum um síaukinn samruna sjónmiðlanna, en það gerist nú æ algengara hér á landi að steypt sé saman alls konar ljósmyndum, klassískum augnabliksmyndum, auglýsingaljósmyndum, yfirveguðum landslagsljósmyndum og myndverkum í formi ljósmynda, öllu í nafni „fjölbreytninnar".

Afgerandi augnablik

Gott dæmi er sýning sem nefndist „Íslensk ljósmyndun – yfirlitssýning" og var send til Rússlands árið 2002, en kjarni þeirrar sýningar hefur nú verið settur upp á Kjarvalsstöðum undir nafninu „Nýir tímar í íslenskri samtímaljósmyndun".

Hér verður áherslan á meinta „fjölbreytni" til að afmá þau skil sem klárlega eru fyrir hendi innan ljósmyndageirans. Glannalega „flottar" auglýsingaljósmyndir Ara Magg, Snorrabræðra eða Særúnar Stefánsdóttur eru látnar kallast á við tregablandna ljóðrænuna í myndum Orra Jónssonar, sem rekast síðan á myndlistarleg markmiðin í verkum Hrafnkels Sigurðssonar, og svo framvegis. Auglýsingaljósmyndirnar eru sosum nógu ágengar, en það eru myndlistarlegu markmiðin sem fara verst út úr þessu samkrulli.

Ég veit að menn eru alls ekki á einu máli um greinarmuninn á „venjulegri" ljósmyndun og ljósmyndaverki. Til dæmis er meira en öld síðan Alfreð Stieglitz lét í veðri vaka að aðferðafræði – þ.e. listræn afstaða ljósmyndarans, væri miklum mun mikilvægari en inntakið í myndum hans. Samt er fyllilega raunhæft og raunar nauðsynlegt, í það minnsta þegar íslensk ljósmyndun er annars vegar, að skilja á milli áhangenda hins „afgerandi augnabliks", svo notuð sé fræg formúla Cartier-Bressons, og þeirra sem beita fyrir sig ljósmyndum í myndlistarlegu augnamiði. Til dæmis eru þeir Guðmundur Ingólfsson, Orri Jónsson, Páll Stefánsson, Ragnar Axelsson, Sigurgeir Sigurjónsson og Spessi í fyrrnefnda flokknum. Þeirra markmið er að skrá umhverfi sitt á þeim augnablikum sem það gefur mest af sér, tilfinningalega, sögulega, fagurfræðilega. Merking ljósmynda þeirra liggur fyrst og fremst í því sem við sjáum.

Ljósmyndir af hinu ósýnilega

Í höndum myndlistarmannanna á sýningunni er ljósmyndun einungis einn af mörgum miðlum sem notaðir eru til listrænnar tjáningar. Þar er hún vissulega notuð til skrásetninga, en oftar á hugsana- eða vinnuferli (Ólafur Elíasson, Birgir Andrésson) eða listrænni hugmyndafræði (Gjörningaklúbburinn) heldur en atburðum/hlutum í tíma og rúmi. Hún er einnig notuð til að grafa undan eigin áreiðanleika og heimildargildi (Guðmundur Oddur), eða þá að hún birtist sem hlutgerving óskilgreinanlegra tilfinninga (Haraldur Jónsson, Hreinn Friðfinnsson). Hún er notuð til sviðsetningar heimspekilegra viðhorfa (Sigurður Guðmundsson), nýrra viðhorfa til náttúrunnar (Hrafnkell Sigurðsson), sem vettvangur heimatilbúinna ævintýra (Ólöf Nordal), jafnvel til sköpunar óreglulegra þrívíddarverka (Tumi Magnússon). Í flestum þessara tilfella er ljósmyndin sjálf gegnsær miðill; vísar út fyrir sig, til einhvers sem við sjáum ekki.

Í breiðasta skilningi er ljósmyndin því mun meira en endurspeglun á margbreytileika samtímans heldur ber hún með sér margra alda gömul sjónræn og listræn viðhorf sem vert er að brjóta til mergjar. Það fer því að verða brýnt að setja upp sérstaka sýningu á ljósmyndavirkjun íslenskra myndlistarmanna í tímans rás.

Heilagur andi ákallaður

TÓNLISTARGAGNRÝNI

Jónas Sen

Oliver Kentish er eitt af staðartónskáldum Skálholtshátíðarinnar í sumar og sl. laugardag voru frumfluttar í kirkjunni nokkrar trúartónsmíðar eftir hann. Flytjendur voru Sönghópurinn Hljómeyki undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar og fyrsta verkið á dagskránni var Beatus vir, hljóðlát bæn sem Oliver hefur tónsett einstaklega fallega. Tónmálið er hefðbundið og aðgengilegt, framvindan blátt áfram og eðlileg og hvergi nein ódýr trix til að skapa áhrif. Þetta er með fallegustu sálmum sem ég hef heyrt, enda var söngur Hljómeykis afar vandaður, bæði látlaus og innilegur og greinilegt að Bernharður hefur gefið sér góðan tíma til að móta túlkunina. Óhætt er að spá því að þessi hugljúfi sálmur eigi eftir að hljóma í íslenskum kirkjum með reglulegu millibili um ókomna tíð.

Næst á dagskrá var önnur bæn, Pater peccavi, en þar er stemningin myrkari: „Faðir, ég hef syndgað gegn himnum ... Miskunna mér Guð." Angistin sem kemur fram í textanum endurspeglaðist í tónlistinni í ómstríðum hljómum en þrátt fyrir það var tónmálið hófstillt og íhugult og útkoman hrífandi.

Í Veni Sancte Spiritus, þar sem Heilagur andi er ákallaður, skaut sterk hrynjandi upp kollinum, tónlistin varð margbrotnari en á sama tíma sköpuðu hnitmiðaðar endurtekningar markvissa stígandi, þar til hið blessaða ljós, Lux beatissima, skein niður í formi einsöngsraddar Hildigunnar Rúnarsdóttur. Það var svo magnað að maður gjörsamlega gleymdi stund og stað og var þetta eitt stórfenglegasta atriði tónleikanna.

Bróðir Hildigunnar, Ólafur Einar tenór, átti næsta leik og flutti hann, einn og óstuddur, Davíðssálm nr. 23, Drottinn er minn hirðir. Þessi tónsmíð Olivers er eitt stórt resitatíf eða söngles, án nokkurs undirleiks eða kórsöngs sem verður að teljast fremur óvanalegt en kom vel út, laglínurnar áheyrilegar og söngur Ólafs hinn glæsilegasti.

Davíðssálmur nr. 133 var öðruvísi, hann var sunginn á hebresku og hefst á þessum orðum: „Sjá, hversu fagurt og yndislegt það er, þegar bræður búa saman ..." Aðeins karlmenn úr Hljómeyki sungu og röðuðu þeir sér í tvær fylkingar, með slagverk á milli. Frank Aarnink spilaði á það og var þetta ágæt skemmtun, tónlistin karlrembuleg og hápunkturinn í lokin flottur.

Einn Davíðssálmur í viðbót var frumfluttur á tónleikunum, nr. 117. Þar heyrði maður hástemmdan tenóreinsöng Egils Árna Pálssonar og minnti útkoman örlítið á Nunc dimittis úr Vespers eftir Rachmaninoff en það er að mínu mati eitt kynngimagnaðasta kórverk tónbókmenntanna.



OLIVER KENTISH: Hér er því spáð að sálmurinn hans, Beatus vir, sem frumfluttur var í Skálholti um síðustu helgi, eigi eftir að hljóma í íslenskum kirkjum með reglulegu millibili um ókomna tíð.

Síðasta tónverkið sem frumflutt var á tónleikunum bar nafnið Einn og var við ljóð Jóns Helgasonar. Það var sömuleiðis ákaflega ljúft áheyrnar.

Rúsínan í pylsuendanum var Jubilate Deo sem ég hef áður fjallað um, en þar er mikið klukknaspil auk glaðlegs kórsöngs og var það frábær endir á glæstri dagskrá.